

57

11. júní

Einkaleyfishafar greiða í rikissjóð útflutningsgjald af hverri smálest ofantaldrar bergtegundar, eftir samkomulagi við atvinnumálaráðherra, þó ekki undir 5 kr. og ekki yfir 50 kr. af hverri smálest.

3. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum öðrum en sérleyfishöfum óheimilt að flytja út vöru þá, er einkaleyfið nær til. Brot gegn því ákvæði varðar sektum frá 500—5000 kr.

4. gr.

Verði útflutningur sérleyfishafa, að liðnum hálfum sérleyfistímanum, minni en 100 smálestir á ári, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta þá sérleyfinu.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra setur reglugerð um framkvæmd einkaleyfisins, og má í henni meðal annars ákveða, að óheimilt sé að flytja út beztu tegund hrafntinnu, um eftirlit með því, að leyfi sé eigi brotið, svo og sektir við brotum leyfishafa o. s. frv.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Skúli Guðmundsson.*

58

11. júní

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 17 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Skrifstofustjórar í stjórnarráði Íslands skulu vera fjórir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*